

## Leiðbeiningar við framkvæmd greiðslu fata- og fæðispeninga

Í flestum kjarasamningum Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga er að finna ákvæði um fata- og fæðispeninga (gr. 3.4.4 og gr. 8.2.7). Þessar fjárhæðir taka breytingum samkvæmt tilheyrandi undirliðum vísitölu neysluverðs (VNV) fjórum sinni á ári. Einnig er að finna ákvæði um verð máltíða (gr. 3.4.2) sem tekur breytingum einu sinni á ári. Hagstofa Íslands birtir VNV í síðasta lagi næst síðasta virka dag hvers mánaðar.

Með hliðsjón af framangreindu leggur kjarasvið Sambands ísl. sveitarfélaga til að greiðsla fata- og fæðispeninga verði framkvæmd um þar næstu mánaðamót frá birtingu VNV. Með þessu móti ætti að vera nægur tími til að reikna út viðeigandi greiðslur.

Leiðbeining kjarasviðsins um greiðslu fata- og fæðispeninga (gr. 3.4.4 og gr. 8.2.7) yfir árið er eftirfarandi:

	Birting VNV	Gildis- tími
Janúar		
Febrúar		
Mars		
Apríl		
Mái		
Júní		
Júlí		
Ágúst		
September		
Október		
Nóvember		
Desember		

### Dæmi:

Vísitala neysluverðs (VNV) sem gefin er út undir lok janúar 2012 og breytir fjárhæðum fata- og fæðispeninga tekur gildi 1. febrúar 2012. Útreikningar eru framkvæmdir seinni hluta febrúar og fyrsta greiðsla með uppfærðri vísitölu er því um mánaðamótin feb./mars. 2012.

Á heimsíðu sambandsins eru reglulega uppfærðar upplýsingar um ýmsar fjárhæðir sem er að finna í kjarasamningum sambandsins. Slóðin að þessum upplýsingum er:

<http://www.samband.is/verkefning/kjara--og-starfsmannamal/kjarasamningar-og-launatoflur/greidslur-og-uppbaetur/>

Með kveðju,

Starfsfólk kjarasviðs Sambands Ísl. sveitarfélaga